

Pegasus ehf  
Einar Sveinn Þórðarson  
Sóltúni 24  
105 Reykjavík

Umhverfisstofnun	
Áb. _____	
04. sep. 2014 9.5.2	
Tilv. _____	



Reykjavík, 28. ágúst 2014  
Tilvísun: UST20140800085/káb

### Efni: Leyfi til kvikmyndatöku í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli

Vísað er til tölvupósts, dags. 20. ágúst sl., þar sem kvikmyndafyrirtækið Pegasus óskar eftir leyfi til að kvikmynda innan Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls með fjarstýrðri smáþrylu.

Í tölvupóstinum er óskað eftir leyfi til að kvikmynda á Djúpalónssandi og við Lóndranga. Fyrirhugaður er einn tökudagur á tímabilinu 26. – 30. ágúst. Samkvæmt tölvupósti er um að ræða 3 manna tökulið. Enginn annar búnaður fylgir fyrir utan smáþryluna.

Umhverfisstofnun veitir umbeðið leyfi fyrir sitt leyti með eftirfarandi skilyrðum:

- I. Taka ber tillit til umferðar á Djúpalónssandi og við Lóndranga og því skal miða við að myndataka fari fram að morgni til, fram að hádegi, en á þeim tíma er minnst umferð. Út frá umferðinni er einnig betra að byrjað sé við Djúpalónssand þar sem umferð er mun meiri en við Lóndranga. Starfsmönnum þjóðgarðsins skal tilkynnt um fyrirhugaðan tökudag með dags fyrirvara. Eftirlitsgjald er samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar.
- II. Stofnunin væntir þess að hlutaðeigendur kynni sér reglugerð nr. 568/2001, um þjóðgarðinn Snæfellsjökul. Fylgja ber reglum þjóðgarðsins um umgengni.

Aldrei skal að fljúga ómönnuðu loftfari nálægt fólki og forðast skal að trufla friðsæld hins friðlýsta svæðis og upplifun gesta, öryggi þeirra og persónuvernd eins og hægt er.

Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari nálægt dýrum eða fuglum, hvorki nálægt hreiðrum né á varptíma, eða á þeim tíma sem telst viðkvæmur fyrir dýr og fugla.

Stjórnandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á hinu friðlýsta svæði, að það skaði ekki fólk, dýralíf, eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ekki skal skilja eftir hluta loftfarsins á svæðinu og finna og endurheimta verður loftfarið og alla hluta þess skyldi það brotlenda eða bila.


Vakin er athygli á reglum Samgöngustofu um starfsrækslu ómannaðra loftfara, sbr.


upplýsingabréf í Flugmálahandbók Íslands nr. AIC A001/2014, dags. 6. febrúar 2014. Í sértækum reglum um flugvélalíkon (sem ná einnig til ómannaðra loftfara og finna má í Flugmálahandbók Íslands, ENR 1.1.10) kemur m.a. fram að einstaklingur eða fyrirtæki sem óskar eftir að starfrækja ómannað loftfar skal sækja um leyfi til slíkrar starfrækslu til Samgöngustofu ef loftfarið er yfir 5 kg. að heildarþyngd eða knúið áfram af eldflaugum. Einnig þarf leyfi Samgöngustofu ef loftfarið er knúið áfram af brunahreyflum og flogið er innan 1,5 km frá íbúðarhúsa- eða flugvallarsvæðum.

Um skaðabótaábyrgð vegna notkunar ómannaðra loftfara fer eftir ákvæðum laga nr. 60/1998, um loftferðir.

Við óskum fyrirtækinu góðs gengis við kvikmyndatökuna.

Virðingarfyllst

  
Sigrún Ágústsdóttir  
Sviðsstjóri

  
Guðbjörg Gunnarsdóttir  
Þjóðgarðsvörður